

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. desember 2001

í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er tryggð með kanadísku lögunum um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl (Canadian Personal Information Protection and Electronic Documents Act)

(tilkynnt með númeri C(2001) 4539)

(2002/2/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að því aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands að það land tryggi fullnægjandi vernd og farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.
- 2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.
- 3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta það hve mikil gagnaverndin er með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutning eða röð gagnaflutninga og miðað við tiltekin skilyrði. Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats ⁽²⁾.
- 4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og framfylgja skal öllum ákvörðunum, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanagerlega mismunun gagnvart þriðju löndum eða þeirra á milli þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga bandalagsins á alþjóðavettvangi.
- 5) Kanadísku lögin um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl („kanadísku lögin“) frá 13. apríl 2000 ⁽³⁾ gilda um einkarekin fyrirtæki sem safna persónuupplýsingum, nota þær eða afhenda í tengslum við viðskiptastarfsemi. Gildistaka þeirra fer fram í þremur áföngum:

Frá og með 1. janúar 2001 gilda kanadísku lögin um persónuupplýsingar, aðrar en heilsufarsupplýsingar, sem fyrirtæki, sem starfar eftir sambandslögum, safnar, notar eða afhendir í tengslum við viðskiptastarfsemi. Þessi fyrirtæki geta starfað í greinum eins og flugrekstri, bankastarfsemi, útvarpsrekstri, flutningum milli fylkja og fjarskiptum. Kanadísku lögin gilda einnig um öll fyrirtæki sem afhenda persónuupplýsingar gegn endurgjaldi út fyrir fylki eða út fyrir Kanada og um persónuupplýsingar um starfsmenn í fyrirtækjum sem starfa eftir sambandslögum.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ Vinnuskjal 12: Flutningur persónuupplýsinga til þriðju landa: beiting 25. og 26. gr. tilskipunar ESB um gagnavernd, sem starfshópurinn samþykkti 24. júlí 1998 og hægt er að nálgast á slóðinni: http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/wpdocs_98.htm

⁽³⁾ Rafrænt birtar útgáfur (í útprenti og á Netinu) af lögunum er hægt að nálgast á slóðinni: http://www.parl.gc.ca/36/2/parlbus/chambus/house/bills/government/C-6/C-6_4/C-6_cover-E.html og http://www.parl.gc.ca/36/2/parlbus/chambus/house/bills/government/C-6/C-6_4/C-6_cover-F.html. Prentaðar útgáfur eru fáanlegar hjá *Public Works and Government Services Canada - Publishing, Ottawa, Canada K1A 0S9*.

Frá 1. janúar 2002 gilda kanadíska lög um persónuupplýsingar um heilsufar fyrir fyrirtæki og starfsemi sem falla nú þegar undir fyrsta áfanga.

Frá og með 1. janúar 2004 verða kanadíska lög váttað út svo að þau nái til allra fyrirtækja sem safna, nota eða afhenda persónuupplýsingar í tengslum við viðskiptastarfsemi, hvort sem fyrirtækið starfar samkvæmt sambandslögum eða ekki. Kanadíska lög gilda hvorki um fyrirtæki, sem starfa samkvæmt sambandslögum um friðhelgi einkalífsins, né þau sem starfa samkvæmt almennum reglum einstakra fylkja né heldur fyrirtæki, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, eða góðgerðastarfsemi, nema starfsemin sé viðskiptalegs eðlis. Á sama hátt ná þau ekki yfir gögn um starfsráðningar sem eru ekki notuð í viðskiptalegum tilgangi nema þau gögn sem tengjast starfsmönnum í einkareknum fyrirtækjum sem starfa samkvæmt sambandslögum. Eftirlitsmaður með friðhelgi einkalífsins í Kanada getur veitt frekari upplýsingar um slík tilvik.

- 6) Til að réttur fylkjanna til að setja lög í lögsagnarumdæmi sínu sé virtur er kveðið á um það í lögum að þegar sett eru lög í fylkjunum, sem eru efnislega jafngild, má veita undanþágu fyrir þau fyrirtæki eða starfsemi sem fellur undir fylkislögum um friðhelgi einkalífsins. Samkvæmt 2. mgr. 26. þáttar í lögum um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl hefur sambandsstjórnin vald til þess, „ef víska er fyrir því að löggjöf fylkisins, sem er efnislega jafngild þessum hluta laganna, sé beitt gagnvart fyrirtæki, fyrirtæki í tilteknum flokki, starfsemi eða starfsemi í tilteknum flokki, til að veita þessu fyrirtæki, starfsemi eða flokki undanþágu frá því að beita þessum hluta laganna að því er varðar söfnun, notkun eða afhendingu persónuupplýsinga sem á sér stað í því fylki“. Kanadíska sambandsstjórnin (The Governor in Council) veitir undanþágur vegna laga sem eru efnislega jafngild með sérstakri ákvörðun (Order-in-Council).
- 7) Þegar samþykkt eru lög í fylki sem eru efnislega jafngild verða fyrirtæki, flokkar fyrirtækja eða starfsemi, sem lög ná til, undanþegin beitingu sambandslaganna um viðskipti innan fylkis. Sambandslög gilda áfram um alla söfnun, notkun og afhendingu persónuupplýsinga milli fylkja og milli landa og einnig í öllum tilvikum þar sem fylkin hafa ekki sett lög sem eru efnislega jafngild, að hluta til eða að öllu leyti.
- 8) Kanada skuldbatt sig formlega til að fylgja viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá 1980 um verndun friðhelgi einkalífsins og flæði persónuupplýsinga yfir landamæri 29. júní 1984. Kanada var meðal þeirra ríkja sem voru fylgjandi viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna varðandi skrár með persónuupplýsingum á tölvutæku formi sem allsherjarþingið samþykkti 14. desember 1990.
- 9) Kanadísk lög ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að ná viðunandi vernd fyrir einstaklinga, jafnvel þótt einnig sé kveðið á um undanþágur og takmarkanir til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings og svo að tillit sé tekið til tiltekinna upplýsinga sem eru í vörslu opinberra aðila. Með lagaúræðum er tryggt að þessum reglum sé beitt og með óháðu eftirliti sem yfirvöldin annast, t.d. eftirlitsmaður með friðhelgi einkalífsins í sambandsríkinu sem hefur vald til rannsókna og íhlutunar. Enn fremur gilda ákvæði kanadískra laga um einkaréttarlega ábyrgð ef ólögleg vinnsla á sér stað og skaðar viðkomandi einstakling.
- 10) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina í þessari ákvörðun undantekningartilvik þar sem réttlætunlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin nægileg.
- 11) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað álit um þá vernd sem felst í kanadískum lögum sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Álit nr. 2/2001 á því hvort kanadíska lög um persónuupplýsingar og rafræn skjöl séu nægjanleg — vinnuskjal 39 frá 26. janúar 2001, fánlegt á slóðinni http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/index.htm

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst Kanada tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem eru sendar frá bandalaginu til viðtakenda samkvæmt lögunum um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl (kanadísku lögin).

2. gr.

Þessi ákvörðun fjallar eingöngu um það að hve miklu leyti kanadíska lögin veita nægilega vernd í Kanada með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en ákvæðum 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Kanada í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

- a) lögbær kanadísk yfirvöld hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd; eða
- b) verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða er til að ætla að lögbær kanadísk yfirvöld geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa umrætt mál; áframhaldandi gagnaflytningur myndi valda yfirvofandi hættu hjá skráðum aðilum á því að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til viðvörunar þeim aðila sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Kanada og veitt honum tækifæri til andsvara.

Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld í bandalaginu hafa verið látin vita af því.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu einnig tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Kanada, tryggja ekki slíkt samræmi.

4. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 1. , 2. og 3. mgr., leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Kanada, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru, kanadíska yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

4. gr.

1. Breyta má þessari ákvörðun hvenær sem er í ljósi reynslunnar af framkvæmd hennar eða vegna breytinga á kanadískum lögum, þ.m.t. eru allar ráðstafanir til viðurkenningar á því að kanadískt fylki hafi lög sem eru efnislega jafngild. Framkvæmdastjórnin skal, þremur árum eftir tilkynningu þessarar ákvörðunar til aðildarríkjanna, leggja mat á framkvæmd hennar á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og greina nefndinni, sem var komið á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á niðurstöðuna í 1. gr. þessarar ákvörðunar þess efnis að vernd í Kanada sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunun í för með sér.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, leggja fram tillögu um ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 90 dögum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.
